



**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Sjaldséð stórstraumsfjara

Veðurguðirnir hafa verið iðnir við að sýna margar af sínum grimmu hliðum undanfarnar vikur og daga, en þó hefur rofað til inn á milli.

Meðfylgjandi mynd var tekin einn slíkan dag við Gróttu, nánar tiltekið föstudaginn 3. janúar þegar svo bar undir að stórstraumsfjara blasti við vegfarendum, en að sögn þeirra sem til þekkja er langt síðan það hefur verið jafn lágsjáv-að og þá mátti sjá. Stórstraumsfjara

er það kallað þegar það fjarar hvað mest út, öfugt við stórstreymi þegar sjávarhæð er mjög há.

HEILSUHOF
V/ SUDURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Virka daga: 9 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

Sundagörðum 2 **MIDBORG** fasteignasala Sími: 533 4800

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum á Seltjarnarnesi óskum við eftir eignum í sölu.

Góður sólutími framundan.

- Sölumat án skuldbindingar
- Persónuleg þjónusta
- Myndataka af atvinnuljósmyndara
- Vönduð sölugögn
- Sanngjarn sölukostnaður

Hafið samband við Gylfa Þórisson sölustjóra í síma **822-0700** eða á netfangið gylfi@midborg.is

Gylfi Þórisson
Sölustjóri

Björn Þorri Viktorsson
Hfl. og Lögg. Fasteignasali

Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér

Islandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMADUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Golfskáli, landfylling eða ekki neitt

Í viðtali við Nesfréttir sl. sumar fjallaði Ólafur Ingi Ólafsson formaður Nesklúbbsins um mögulega stækkun og breytingar á svæði golfklúbbsins. Hugmyndir hans eru um að byggja nýjan golfskála neðan við golfvöllinn sem gæti nýttst öllum sem leið eiga; gangandi, hlaupandi, hjólandi og einnig þeim sem iðka golf sem samastaður þar sem fólk getur sest niður og fengið sér veitingar. Með því væri hægt að bæta þrem holum við golfvöllinn þar sem golfskálinn stendur nú.

Nú stendur Seltjarnarnesbæ til boða að fá ókeypis grjót sem kemur úr grunni á Lýsislóðinni við Grandaveg - grjót sem væri hægt að nota til að verjast sjógangi sem stöðugt brýtur á Suðurnesinu og fleiri stöðum á Nesinu. Einnig væri hægt að búa til landfyllingu til að stækka völinn. Nú eru rúmlega 600 manns á biðlista hjá Nesklúbbsnum og þarf lítinn æfingavöll fyrir golfarana svo hægt sé að grynka á biðlistanum. Spurningin er þá um Nesstofutún eða Ráðagerðistúnið fyrir æfingavöll eða landfyllingu. Treysti bæjaryfirvöld sér ekki til að taka ákvörðun um þetta er upplagt að kjósa um þessar breytingar samhliða sveitarstjórnarkosningunum á komandi vori.

Munu konur leysa vistarböndin

Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur telur að kostnaður vegna krónuna sé á bilinu 110 til 150 milljarða króna á ári. Aðrir telja þá upphæð mun hærri eða allt að 250 milljörðum. Spyrja verður mjög alvarlega hvort Íslendingar hafi efni á vera með krónuna lengur.

Í viðtali við Kristrínu Heimisdóttur hér í blaðinu kemur meðal annars fram að hún er að skipta um starfsvettfang og hefja störf hjá Samtökum iðnaðarins. Innan þeirra samtaka og samtaka atvinnulífsins starfa nokkrar öflugar konur sem allar hafa áhuga á að Íslendingar ljúki þeim viðræðum sem hafnar voru við Evrópusambandið. Undir það sjónarmið skal eindregið tekið því það virðist vera hámark heimskunnar að vilja ekki sjá þann samning og einnig að gefa sér neikvæðar niðurstöður hans fyrirfram áður en að menn hafi séð samninginn. Þarna eru menn ekki að nota skynsemina heldur pólitíkina.

Með upptöku evru munu Íslendingar komast í stöðugra umhverfi með öðrum þjóðum Norður-evrópu.

Svo virðist sem að minnsta kosti ákveðinn hluti karla telji sig verða að gæta sérhagsmuna einhverra tiltekinna hópa gegn almannahagsmunum og hafi ekki víðsýni til að líta lengra.

Þegar litið er til þessara kvenna og annarra sem ljúka vilja samningaviðræðum við Evrópusambandið vakna vonir um að konur geti ef til vill komið þjóðinni út úr þeim vistarböndum sem krónan heldur þjóðinni í og varað hafa í 90 ár. Vistarböndum sem þjóðinni er lífsnauðsynlegt að losna úr.

Lestrarvakning með Andra Snæ



Andri Snær ræðir við drengina á Bókarsafni Seltjarnarness.

Kátt var á hjalla þegar rithöfundurinn vinsæli Andri Snær Magnason ræddi vítt og breitt um bækur, bóklestur, persónuleg ástarljóð og fleira við drengi í 9. og 10. bekkjum Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi í Bókarsafni Seltjarnarness. Andri Snær var sérstakur gestur Bókasafnsins í vitundarvakningu sem starfsfólk safnsins hleypti af stað meðal unglingsdregja til að hvetja og stuðla að lestri bóka.

Andri Snær ræddi vítt og breytt um mátt og megin bókarinnar og tóku drengirnir virkan þátt í spjallinu. Í tilefni af lestrarvakningunni hafa starfsmenn Bókasafnsins komið upp stórrí sýningu á bókum sem gætu fallið ungum drengjum í geð auk þess að útbúa bóka-, áhugasviðs- og efnisorðalista sem væntanlegur lesendurnir geta glöggvað sig á með það fyrir augum að takmarka bókaleitina við áhugamál sín. Listinn verður aðgengilegur öllum í safninu og á heimasíðunni seltjarnarnes.is/bokasafn og eru foreldrar og forráðamenn ekki síður hvattir til að kynna sér hann í því skyni að fá lánaðar bækur sem gætu höfðað til barna þeirra. Starfsfólk Bókasafnsins er líka ávallt reiðubúið að leiðbeina gestum um val á þeim þúsundum bókatitla sem finna má á safninu.

Íslenskukennarar Valhúsaskóla hafa ákveðið í kjölfarið að skipu-

leggja heimsóknir annarra ungmennta við skólann á Bókarsafnið til að kynna þeim þann bókakost sem settur hefur verið fram í tilefni af vitundarvakningunni, en þess má geta að nánast öll grunnskólabörn á Seltjarnarnesi hefja alla skóladaga á yndislestri á íslenskum bókum sem stendur yfir í 20 mínútur.

Starfsfólk Bókasafns Seltjarnarness hvetur alla til að kíkja við en það er von þeirra að vitundarvakningin stuðli að því að æ fleiri bækur sjáist á náttborðum ungra drengja í framtíðinni.

Nesbíúinn



Þurfa ekki allir strákar að kunna að lesa?

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Bókasafnið suðupottur lista og menningar

Fjölskrúðug vordagskrá Bókasafns Seltjarnarness hófst í janúar með sýningaropnun og bókmennta-félagsfundum en ýmislegt verður í boði sem ætti að geta hentað öllum. Áhugafólk um bókmenntir hittist reglulega í Bókasafninu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar til að skeggræða valdar bækur ýmist með rithöfundum, bókmenntafræðingum eða öðrum. Í febrúar verður tekin fyrir bókina *Sæmd* eftir Guðmund Andra Thorsson, í mars ljóðabókin *Árleysi alda* eftir Bjarka Karlsson og í apríl söguleg skáldsaga *Hallgríms Helgasonar Konan við þúsund gráður*. Í maí verður fjallað um bók að eigin vali eftir Þórunni Erlu- og Valdimarsdóttur.

Tónstafir, samstarfsverkefni Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness hefur notið talsverðrar athygli og fjöldi gesta sem njóta þess að setjast niður í lok vinnudags og hlýða á tónlist af ýmsum toga. Auk samstarfs-

verkefnis á Safnanótt þar sem Haukur Gröndal kennari við skólann og félagar hans koma fram þá mun skólastjóri skólans, Gylfi Gunnarsson stjórnar kórsöng *Gamalla Fóstbræðra*, eins og hópurinn heitir, fimmtudaginn 13. mars. Fimmtudaginn 10. apríl leika saman tveir kennarar skólans þau Dagný Björgvinsdóttir píanóleikari og Jón Guðmundsson flautuleikari ásamt Berglinni Stefánsdóttur flautuleikara. Fimmtudaginn 8. maí eru lokatónleikar Tónstafa á önninni en þá koma fram píanónemendur Aðalheiðar Eggertsdóttur. Þá má geta þess að Kristín Jónsdóttir íslenskufraeðingur býður upp á námskeið í Völuspá miðvikudagana 12. og 19. mars og fer skráning fram á Bókasafninu.

Í febrúar verður boðið upp á námskeið í fléttusam og íslenskum krossasam en leiðbeinandi er hönnuðurinn Alda Sigurðardóttir. Þarna gefst tækifæri á að gera litlar myndir, sem allir ættu að ráða við, en þær



Áhugafólk um bókmenntir hittist reglulega í Bókasafninu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar til að skeggræða valdar bækur.

má ýmist ramma inn, setja á púða eða flikur. Þriðjudaginn 4. mars getur áhugasamt hannyrðafólk sest niður með leiðbeinendum á Bókasafninu og tekið þátt í að þrjóna eða hekla trefil utan um Gróttuvita, en markmiðið er að hann þeki stóran hluta vitans þegar Gróttudagurinn rennur upp 3. maí. Þriðja hannyrðamót vorsins verður haldið 1. apríl en þá er meiningin að gera sitthvað fallegt og nytsamlegt fyrir páskana.

Fyrsta miðvikudag hvers mánaðar býður Sírý Gunnarsdóttir barnabókavörður upp á sögustund fyrir yngstu gestina, sem hafa notið mikilla vinsælda. Að þessu sinni verða teknar fyrir bækurnar *Tröllastrákurinn* sem gat ekki sofnað eftir Sírý Arnardóttur í febrúar, *Brosbókin* eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og *Elsu Nielsen* í mars, *Stína stórasæng* eftir Lani Yamamoto í apríl og *Númi* eftir Quentin Gréban í maí.




Jafnvægið býr í Systrasamlaginu

- Fallegt handbragð - Fallegt efni - Falleg hugsun - Fallegt innihald -

Kíktu á nærandi matseðil Systrasamlagsins



Jógadýnur og fylgihlutir af bestu gæðum - NÝ SENDING!



Nærandi náttúruilmir og ilmvötn



Fljótum og njótum á nýju ári!



20% AFSLÁTTUR af Viridian vítamínum til 6. febrúar!

Viridian vítamín- og bætiefnalínan er án allra auka- og fylliefna.



100% „vegan“!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

Framkvæmdir við Nesveg og Eiðistorg

Í fréttum frá veitustofnunum Seltjarnarness kemur fram að framkvæmdum við lagnir við Norðurströndina, sem fram fóru í desember, verður haldið áfram í janúar. Lagnir verða lagðar meðfram Suðurströndinni og á næstu dögum er fyrirhugað að lengja skólplögn (þrýstilögn) frá ljósum á mótum Nesvegar og Suðurstrandar niður á Norðurströnd. Lögnin mun liggja hluta leiðarinnar í gangstétt og að hluta í götunni norðan Eiðistorgs (Suðurströndinni).

Framkvæmdunum fylgir eitt-hvert rask fyrir íbúa við Eiðistorg, sem kynnt hefur verið fyrir þeim

bréfléiðis. Einnig má gera ráð fyrir að hluti Nesvegar lokist tíma-bundið vegna malbikunarvinnu, sem ekki er hægt að segja til um núna hvenær verður. Fulltrúar hjá veitustofnun segja einnig að búast megi við umferð stórra bifreiða um Nesveg upp úr miðjum janúar þegar byrjað verður að setja upp lagnir og byggja dælustöð fyrir fráveitu á Elliðalóðinni við Sæból. Engar lokanir á götum eru þó fyrirséðar vegna þessa. Það er von starfsmanna veitustofnunar að íbúar og vegfarendur sýni verktökum og starfsmönnum bæjarins skilning og umburðarlyndi á framkvæmdartímanum.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Um 95% Seltirninga ánægðir með bæjarfélagið

Á Seltjarnarnesi eru 95% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er með aðra hæstu einkunn af öllum sveitarfélögum í landinu. Niðurstaðan undirstríkar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Það í samræmi við yfirlýsta stefnu félagasamtaka eldri borgara.

Þjónusta við barnafjölskyldur skorar hátt

Seltjarnarnesbær fær 4,2 af 5 mögulegum þegar spurt var um þjónustu við barnafjölskyldur. Bærinn er þar í fyrsta sæti af öllum sveitarfélögum landsins. Samkvæmt könnuninni eru um 91% bæjarbúa mjög ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísu.

Meningarmál og umhverfismál fá góða umsögn bæjarbúa. Í menningarmálum fær bærinn 4,0 af 5 mögulegum og er með hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Umhverfismálin skora 4,3 af 5 mögulegum og er bærinn með aðra hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Í þjónustu við fatlaða þykir aðeins eitt sveitarfélag á landinu standa framar Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnes skorar hæst á landsvísu í þjónustu við aldraða. Bærinn hefur kappkostað að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við eldri borgara. Markmiðið er að aldraðir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili og er

Gott samstarf, betra samfélag

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa. Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring okkar að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri. Börnin eru framtíðin og það skiptir okkur sérstaklega miklu máli að vel takist til með skólastigin sem eru á ábyrgð sveitarfélagsins.

Um 89% íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með leik- og grunnskóla bæjarins og erum við þar í 2. sæti meðal sveitarfélaga landsins. Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að Nesið verði áfram leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísu, þar sem lögd er áhersla á jöfn tækifæri, árangur og vellíðan.

Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri Seltjarnarness.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokk tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakk

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústru kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / álkæði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.


Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Safnanótt með Vísinda Villa og Eivöru Páls



Eivör Pálsdóttir.



Villi vísindamaður.

Villi vísindamaður og Eivör Páls verða gestir safnanætur á Seltjarnarnesi. Villi vísindamaður hefur slegið í gegn með nýrri bók sinni og skemmtilegum uppátækjum sem höfða til barna á öllum aldri. Hann verður meðal fjölmargra gesta sem fram koma á Safnanótt á Seltjarnarnesi sem haldin verður föstudaginn 7. febrúar frá kl. 19 til 24.

Í Bókasafni Seltjarnarness hefst dagskráin með opnun á ljósmyndasýningu Friðriks Arnar Hjaltsted í Eiðisskeri kl. 19. Vísinda Villi skemmtir börnum frá kl. 19:30 til 20:00 en í lokin fá öll börn að spreyta sig á einni vísindatilraun sem Villi og starfsfólk bókasafnsins kennir þeim að gera. Kl. 20:30 taka hinir stórskemmtilegu kórar Ingu Bjargar Stefánsdóttur lagið og kl. 20:45 hefst leiðsögn Friðriks um ljósmyndasýninguna. Djassgeggjarinn og klarínettuleikarinn Haukur Gröndal kennari við Tónlistarskóla Seltjarnarness leiðir trió sem skipað er honum, Kristófer Rodriguez slagverksleikara og Ásgeiri Ásgeirssyni sem leikur á tamboura, bouzouki og saz baglama og hefst leikur þeirra kl. 21:30. Dagskránni lýkur svo með leiðsögn Friðriks, en safnið er opið til kl. 24.

Í safnhúsinu norðan við Nestofu (áður lækningaminjasafn) kemur fram öflugur hópur norræna sviðslistamanna með Eivöru Pálsdóttur í broddi fylkingar með leikhúsverkefnið SAD - Infected

with darkness þar sem tekið er á óvenjulegan og frumlegan hátt við skammdegisröckrið.

Safnanæturstrætó gengur allt kvöldið og verður áætlun hans aðgengileg á heimasíðu Seltjarn-

arness og Safnanætur þegar nær dregur. Einnig stendur öllum til boða að taka þátt í Safnanæturleiknum sem er léttur og skemmtilegur spurningaleikur sem krefst þess að þrír eða fleiri áfangastaðir

á Safnanótt séu heimsóttir og léttir spurningu svarað á hverjum stað.

Dagskrá Safnanætur er liður í fjórutíu ára afmælishátíð Seltjarnarnesbæjar.

1 AF HVERJUM 3 HEFUR SAFNAÐ FYRIR ÖKUTÆKI

PHOTO: ISTOCK/PIKAL




FYRIR HVERJU LANGAR ÞIG AÐ SAFNA?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

Reglulegur sparnaður í sjóðum og sparnaðarreikningum er einföld og áhrifarík leið að settu mark.

Farðu inn á arionbanki.is/sparnaður og skoðuðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.



REGLULEGUR SPARNAÐUR

M.v. 10.000 kr. reglulegan sparnað á mánuði og 4% vexti

Arion banki

Helga Lotta og hnoðrarnir í Holti

Það var mikil friðsæld og afslappað andrúmsloft þegar blaðamaður Nesfrétta leit í heimsókn á nýlega opnaða deild Leikskóla Seltjarnarness í kjallara Seltjarnarneskirkju. Á móti blaðamanni tók deildarstjórinn Helga Lotta Reynisdóttir sem starfað hefur hjá Leikskólunum um 15 ára skeið og þekkir orðið hvert einasta barn og ungmenni á Nesinu.

Börnin sem hún kennir núna eru yngst allra leikskólabarna á Nesinu en þau koma inn á deildina þegar þau hafa náð 18 mánaða aldri og yfirgefa hana um tveggja og hálfis árs aldurinn og fara þá á leikskólavæðið sjálft eða gömlu Sólbrekku. Helga Lotta segir að nokkurs mis-skilnings hafi gætt varðandi þessa deild, sem sumir haldi að sé ekki hluti af Leikskóla Seltjarnarness.

„Tilfellið er að fjölgun ungra barna hefur verið mikil undanfarin ár þannig að leikskólarymið var sprungið. Við vorum hætt að geta tekið inn börn við 18 mánaða aldur, sem er eitt af markmiðum okkar og því var brugðið á það ráð að leita að húsnæði fyrir utan leikskólalóðina,“ segir Helga Lotta. „Með góðu samkomulagi við sóknarprest og sóknarnefnd fengum við þetta dásam-



Helga Lotta ásamt börnunum í Holti.

lega rými fyrir yngstu börnin okkar,“ segir Helga Lotta. „Við vitum ekki hversu lengi þörf verður fyrir þessa aðstöðu, en það er alveg einstakt að geta boðið börnum, sem koma flest öll hingað beint úr foreldrafaðmi, að vera út af fyrir sig og án áreitis frá eldri börnum. Ég kalla þetta stundum bómullardeildina en hér hafa börnin einstakt tækifæri til að aðlagast nýjum veruleika utan

veggja heimilisins. Við getum boðið 15 börnum vistun á deildinni og hér fer fram tónlistarkennsla og sköpun og annað hefðbundið starf leikskólanna, en við erum ekki eins kyrfilega bundin stundatöflu eins og börnin á eldri deildunum

eru. Matinn fáum við frá Jóa kokki í Mýrarhúsaskóla, sem útbýr matinn að getu og áhuga barnanna, en við starfsfólkið sjáum sjálf um eldhússtörfin hér. Við vorum svo heppin að hægt var að hanna litið afmarkað útisvæði þar sem við förum oft með helming deildarinnar meðan hinn unir sér inni við. Þá nýtur líka mikillar vinsælda að fara út að keyra í stóru kerrunni okkar, sem rúmar sex börn. Suma daga förum við líka niður í leikskóla og leyfum börnunum í Holti að leika sér í garðinum þegar stærri börnin eru ekki að nota hann. Þannig geta börnin líka smám saman aðlagast þeim stað sem þau munu síðar flytjast á,“ segir Helga Lotta. Holtsbúarnir eru glaðir, afslappaðir og sælir þegar blaðamaður kveður. Í þann tæpa klukkutíma sem blaðamaður spjallaði við Helgu Lottu á lágu nótnum voru börnin yfirveguð og vær sem endurspeglar líklega best hversu vel þeim líður í hreiðrinu í Holti með Helgu Lottu og hennar fólki.

Vantar þig vinnu?

Sinum heimþjónusta óskar eftir starfsmanni í heimilisþrif og heimþjónustu í vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi. Starfshlutfall er eftir samkomulagi. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasömum er bent á að sækja um á www.sinum.is.

 **sinnum**
heimþjónusta



Börnin una hagi sínum vel í leikskólanum.

SKRÁNING HAFIN HJÁ LEYNILEIKHÚSINU!!



www.levnileikhusid.is
info@levnileikhusid.is
Sími: 864-9373

- LEIKGLEÐIII
- Spuni
- Tjáning
- Sjálfstraust
- Samvinna

12 vikna námskeið
2. - 10. bekkur

Námskeið um allt
höfuðborgarsvæðið,
m.a. í Vesturbæjarskóla
og Mýrarhúsaskóla





Fjölmenni á áramótabrennu

Mikill fjöldi lagði leið sína að áramótabrennu Seltirninga á Valhúsaáhöndinni á gamlárskvöld en gera má ráð fyrir að um 2000 manns hafi verið á staðnum þegar best lét.

Stemningin á staðnum var gríðarleg góð, enda veður lygnt og himinn heiður á þessum lokadegi ársins.

Hermann Arason stýrði fjöldasöng af stakri snilld og brennugestir tóku undir af fullri raust. Fjöldi gesta lagði síðan leið sína í kirkjuna að lokinni brennu og þáði þar heitt kakó, en kirkjan hefur undanfarin ár staðið fyrir kakóboði við vaxandi vinsældir.

Vellíðan á Snyrtistofunni
Eiðistorgi



er ómissandi í lífinu

551 23 23



Hringbraut 119
Sími: 55 44444



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNES 2013 FER FRAM FIMMTUDAGINN 13. FEBRÚAR 2014.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundaráðs að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:

- Nafn, kennitala, heimili og sími.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hlíðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 27. janúar.

Viðtal við *Kristrúnu Heimisdóttur*

Fótboltinn gerði mig að femínista

Kristrún Heimisdóttir er nýorðin framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðararins. Kristrún er ekki ókunnug samtökunum því hún starfaði sem lögfræðingur þeirra um árabíl. Hún segir að sú reynsla hafi freistað sín til þess að sækjast eftir þessu starfi og kveðst full tilhlökkunar að fást við hið nýja verkefni. Kristrún er Seltirningur. Uppalin á Seltjarnarnesi. Fluttist þangað viku gömul með foreldrum sínum. Þótt hún búi ekki á Nesinu sem stendur segir hún hug sinn standa til þess að flytjast þangað fljótlega.

„Foreldrar mínir festu kaup á parhúsi á Seltjarnarnesi hálfpartinn í tilefni af fæðingu minni. Afi minn og amma fluttust einnig á Nesið og móðurbróðir minn býr þar. Hann giftist inn í fjölskyldu sem á djúpar rætur á Seltjarnarness. Fjölskyldu Þuríðar og Sigurðar sem var skólastjóri í Mýrarhúsaskóla. Ég óx því upp í stórrí fjölskyldu sem hafði valið sér að búa á Seltjarnarnesi. Faðir minn Heimir Þorleifsson sagnfræðingur var söguritari Seltjarnarness og mér finnst það sem pabbi kallaði sögulega nálægt umhverfið, náttúran og þessir einstöku staðir mjög áhugaverðir. Á Nesinu hefur verið byggð frá landnámsstíð og því auðvelt að lesa í söguna. Maður getur farið upp á Valhúsahæð og skoðað hlaðna vegginn sem er frá 13. öld og útsýnisskífuna sem langafi minn stóð fyrir að láta reisa. Ef maður vill skilja landafræði Íslands og af hverju þéttbýlið hefur myndast hér þá á maður að fara upp á Valhúsahæð, lesa á skífuna og horfa yfir. Þar skynjar maður hina landfræðilegu lógik í því að byggðin myndaðist hér en ekki annarsstaðar. Það sama og má segja um Eyjafjörð þegar horft er af Eyjarlandholtinu til austurs. Vegalengdirnar eru svo greiðfærar og stuttar.“

Kyntist innviðum Sjálfstæðisflokksins hjá Halldóri

„Auk þess að alast upp í stórfjölskyldu áttum við góða nágranna,“ heldur Kristrún áfram. „Halldór Blöndal fyrrum þingmaður og ráðherra og Kristrún kona hans bjuggu í hinum helming ráðhússins og við Pétur sonur þeirra erum á sama



Kristrún Heimisdóttur nýráðin framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðararins.

aldri. Það var alltaf góður vinskapur á milli okkar og við Pétur vorum um tíma búin að koma okkur upp ákveðnu merkjamáli. Píanó voru í báðum íbúðunum og með því að slá ákveðnar nótur á þau gátum við sent hvort öðrum merki. Það var gaman að kynnast Halldóri og Kristrúnu. Við Pétur vorum mikið inni hjá hvort öðru eins og títt er um krakka og þar kynntist maður heimilishaldi landsbyggðarþingmannsins. Stöðugur gestagangur var á heimili þeirra. Bæði kunningjar og aðrir sem áttu erindi við þingmanninn. Gestagangurinn náði reyndar langt út fyrir kjósendur Halldórs og kjördæmisbúa hans. Það má segja í gamni að ég hafi kynnst innviðun Sjálfstæðisflokksins fyrst sem ung stúlka heima hjá Halldóri þegar ýmsir aðilar sem maður hafi ef til vill séð í sjónvarpinu komu í heimsókn og voru að ræða flokksmál og þjóðmál. Svo bjuggu aðrir góðar grannar hinum megin við götuna Hafstaðfjölskyldan og alls konar krakkar sem voru vinir okkar systkinanna. Á þessum tíma þekkti maður alla krakka á Nesinu.“

Þorpsbragurinn hefur haldist

Kristrún segir ákveðinn þorpsbrag á Seltjarnarnesi. „Þessi sérstaki bragur sem einkenndi byggðina og

mannlífið hefur haldist í tímans rás. Fólk heldur sig við Nesið og ég hef tekið eftir því hversu mörg skólasystkini mín úr Mýró og Való búa á Nesinu. Því miður bý ég ekki á Seltjarnarnesi sem stendur. Ég bý á Hjarðarhaganum í Vesturbæ Reykjavíkur en hugur minn stendur til Seltjarnarness. Ég finn hvað tilfinningin er sterk og mér finnst hún hafa verið að aukast að undanförunu. Ég er búinn að ákveða að flytja á Nesið innan skamms.“

Undur að stelpa væri í fótbolta

Þegar heimasíða Knattspyrnusambands Íslands er skoðuð kemur nafn Kristrúnar Heimisdóttur fljótt á skjáinn. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að hún var í boltanum og boltinn hefur sett meiri svip á líf hennar en margan grunar. Hún kveðst hafa mætt á fyrstu fótboltaæfingu sína hjá sjötta flokki karla í Gróttu. „Ég spurði bara hvort að ég mætti vera með og ég fékk það en endaði sem fyrirlíði sjötta flokks karla í fótbolta auk þess sem ég spilaði upp fyrir mig og lék líka með fimmta flokki. Ég náði göðum tökum á fótboltanum og var á borði með bestu strákunum í liðinu í mínum árgangi. Ég man að það birtist mynd framan á Seltirningi af mér og

nokkrum strákum. Mig minnir að það hafi verið Fjölur Þorgeirsson síðar þjóðþekktur og Kristján Brooks sem spilaði síðar t.d. með Val í efstu deild. Í myndatextanum var talað um strákana í fótboltanum þótt ég væri á miðri myndinni – stelpa með sitt hár. Guðmundur móðurbróðir minn sem þá annaðist blað Framsóknarmanna á Nesinu gerði athugasemd í sínu málgagni spurði hvort útgefandi Seltirnings væri blindur að sjá ekki að þarna væri stelpa í fótbolta. Á þessum tíma þótti undur að stelpa væri í fótbolta – alla vega mjög skrítið.“ Kristrún tók þátt í að stofna Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna auk þess að sinna störfum íþróttafréttamanns á RÚV frá 19 ára aldri. „Hagsmunasamtök kvenna í knattspyrnu voru stofnuð eftir að kvennalandslið hafði verið lagt niður. Ég var þá sextán eða sautján ára. Þarna vaknaði áhugi minn á pólitík fyrst vegna þess að við þurftum að berjast svo mikið fyrir tilvist kvennaknattspyrnunnar. Fyrst gerði ég það innan KR og síðan innan KSÍ og endaði í stjórni ÍSÍ. Þarna kynntist ég fyrst hagsmunaráttu því í stað þess að fá að vera framúrskarandi íþróttakona sem einbeitir sér að því að rækta hæfileika sína varð ég að vera á kafi í réttindaráttu.“

Fótboltinn gerði mig að femínista

Krístúrín segist vera femínisti. Hafa verið það síðan hún lenti í átökum um aðgang að fótbolta-vellinum við Mýrarhúsaskóla Seltjarnarnesi sem ekki var ætlaður stelpum á þeim tíma. Þá var hún á tíunda ári. „Ég á ennþá ræðu sem ég flutti í öllum níu ára bekkjum skólans sem hét Jafnrétti stelpna - en kennarinn minn Guðný Helga Gunnarsdóttir móðir Þóru Einarsdóttur óperusöngkonu og Seltirnings leiðrétti fyrirsögnin í „jafnrétti stelpna og stráka“ „Minn femínismi á rætur í knattspyrnunni. Ég upplífið eitt og annað í baráttunni fyrir kvennaknattspyrnunna. Það þurfti virkilega að hafa fyrir því að koma henni á kortið. Menningararfleifiðin var svo sterk. Knattspyrnuíðkun var karlaþrótt. Hún var talin hættuleg heilsu kvenna. Sagt að konur fengju ljótar fætur af að sparka bolta og bent var á að stelpur gætu ekkert í fótboltanum. En ég hafði enga minnimáttarkennd gagnvart strákunum. Ég hafði upplifað að vera jafngóð og betri en strákarnir og vissi hver hafði skorað mörkin. Því var ekki hægt að segja við mig stelpuunglinginn að ég mætti ekki spila fótbolta af því ég gæti ekki neitt. Ég var oftast best.“ Krístúrín segir að síðan hafi hún alltaf verið vakandi fyrir jafnréttismálum. „Mér finnst nauðsynlegt að vera tilbúin til að taka slagi fyrir konur. Stundum verðum við að þora og það er grunnhyggna að halda að jafnréttismálin vinnist alltaf með góðu. Annars er ég fyrst og fremst félagsmálammanneskja í mér. Ég var í félagsmálunum í Való og líka í MR og fór þaðan í stúdentapólitíkina. Var einnig í félagsmálum í lagadeildinni. Ég var ekki flokksbundin á þessum tíma. Það var ekki mikil hefð fyrir slíku í minni fjölskyldu utan að báðir móðurbræður mínir voru virkir framsóknarmenn. Annar þeirra var Bjarni Einarsson sem var bæjarstjóri á Akureyri á sínum tíma og Guðmundur sem hefur haldið utan um bæjarmálastarf Framsóknarmanna á Seltjarnarnesi í mörg ár. En á þessum tíma ákvað ég að taka þátt í að stofna Samfylkinguna þegar það var gert á aldamótárinu 2000.“

Af hverju pólitík?

Þegar stjórnmálin í dag bera á góma segir Krístúrín þátttöku sína á þeim vettvangi hafa komið í framhaldi af baráttunni fyrir kvennaknattspyrnunni auk félagsstarfa á námssárunum. Einn af uppáhaldsstjórnmálamönnum sínum sé síðan Helmut Schmidt sem var fimmti kanslari Vestur Þýskalands eins og landið hét fyrir fall Berlínarmúrins. Aðspurð um Evrópumál

segir hún áhuga sinn hafa kviknað um tvítugt. „Afstaða mín hefur þróast með viðburðum á alþjóðavettvangi og einnig viðburðum hér heima. Ég hef líka kynnst þessum málum vel. Ég hef verið á fundum með íslenskum ráðherrum með ýmsum forystumönnum Evrópusambandsins og þannig tekið þátt í að ræða málefni Íslands á þessum vettvangi. Í þeim umræðum hef ég fundið fyrir því hversu vel upplýstir þessir aðilar eru um það sem gengur vel á Íslandi. Mér fellur vel sú nálgun þeirra að vilja nýta reynslu af því sem vel þykir hafa tekist í einhverju landi. Ég get nefnt sérstaklega hina vísindalegu stjórnun á fiskveiðum hér á landi. Ég tel mjög óheppilegt fyrir okkur að misskilja málin svo herfilega að trúna því að við þurfum að vera með minnimáttarkennd. Okkur skiptir mestu að átta okkur á hversu mikil tækifæri felast í styrkleikum okkar.“ Krístúrín segir enga spurningu um að Ísland eigi að ljúka þeim samningaviðræðum sem staðið hafa yfir við Evrópusambandið. „Að þeim loknum verður að taka ákvörðun um þetta mál eins og það liggur raunverulega fyrir en ekki eins og menn ímynda sér hvornig það gæti legið fyrir. Ég tel það mikils virði fyrir samfélagið og þróun mála hér á landi. Það yrði einnig mikils virði fyrir hagstjórnina hér sem við höfum ekki náð tökum á. Ef við náum ekki tökum á henni mun það þýða lífskjaraskerðingu venjulegs fólks inn í langa framtíð. Það mun beinlínis hafa áhrif á hverskonar elliheimili minni kynslóð verður búin.“

Aðlögunin löngu orðin að veruleika

„Nú eru tveir áratugir frá því að Ísland var aðili að Evrópska efnahagsvæðinu og þar með að evrópskum innri markaði. Aðlögunin að Evrópusambandinu er því löngu orðin að veruleika. Þessi aðlögun hefur staðið yfir í um tuttugu ár og er orðin mjög mikil og nánast algjör. Mér er spurn hvar við stæðum í dag án EES samningsins. Við gætum ekki tekið þátt í þeirri samkeppni sem við gerum og byggjum við mun fábreyttara atvinnulíf. Ég hef aldrei heyrt í neinum Íslending sem telur að sá samningur hafi verið mistök eða að við ættum að standa utan innri markaðar Evrópska efnahagsvæðisins.“

Spennandi að takast á við þetta verkefni

En aftur að Samtökum iðnaðarins. Krístúrín segir þetta nýja starf fela í sér mjög spennandi verkefni og gaman að fá tækifæri til þess að takast á við það sem framundan eru á þeim vettvangi. „Samtök

iðnaðarins spanna alla flóruna í iðnaðinum. Allt frá Álfyrirtækjunum og niður í lítil sprotafyrirtæki. Þau eru líka gæslumenn hinnar klassísku hefðar iðnmeistaranna. Ég hef starfað að stjórnmálum frá árinu 2007. Ég kynntist aðstæðum atvinnulífsins þegar ég var aðstoðarmaður ráðherra í tveimur mjög ólíkum ríkisstjórnunum. Sú aðkoma gerir það líka að verkum að ég var í návígi við stærstu ákvarðanir stjórnmálamanna á þessum tíma. Mér er því mikið hjartans mál að fá tækifæri til þess að taka þátt í endurreisn Íslands og tel þetta starf kjörin vettvang til þess að leggja fram krafta mína. Auðvitað tengist þetta allt saman.“

Öflugar konur að hasla sér völl

Konur hafa verið að hasla sér stærri völl innan atvinnulífsins. Með hinu nýja starfi hefur Krístúrín Heimisdóttir bæst á ný í hóp þeirra. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrrum ráðherra hefur tekið við starfi á vegum Samtaka atvinnulífsins Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri og frumkvöðull er formaður Samtaka atvinnulífsins og Helga

Árnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Einnig má nefna Margréti Kristmannsdóttur formann Samtaka verslunar og þjónustu auk þess sem fleiri konur hafa látið til sín taka á þessu sviði. Er kvennavæðing í uppsiglingu innan forystu atvinnulífsins. „Þetta eru allt öflugar konur með mikinn áhuga á atvinnulífnum. Ég hlakka til þess að eiga samstarf við þær enda þekki ég þær allar vel. Ég hitti Þorgerði Katrínu fyrst í fótboltanum. Hún varðveitir veru sína í KR eitt sumarið reyndar vel sem leyndarmál en færði sig síðan alfaríð yfir í ÍR og FH og handboltann. Svönu Helen kynntist ég þegar ég var lögfræðingur Samtaka iðnaðarins sem frumkvöðli en hún hefur rekið fyrirtæki sitt af myndarbrag í gegnum tíðina. Svo er Margrét Kristmanns auðvitað Seltirningur. Þetta eru fyrst og fremst kynslóðaskipti og konur eru komnar til starfa í meira mæli. Hvort það skiptir máli fyrir atvinnulífið almennt verður reynslan svo að skera úr um en ég er full bjartsýni. Takist okkur að sigrast á þeim vandamálum sem nú steðja að á Ísland góða framtíð. Þar þarf atvinnulífið að vera í fyrirrúmi ekki bara í orði heldur á borði.“

Grunnskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2014-2015

Til foreldra 6 ára barna og nemenda sem flytjast til Seltjarnarness frá öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fædd eru árið 2008 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2014 fer fram vikuna 27.-31. janúar.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr sjálfstætt starfandi skólum. Innritun í Grunnskólann fer fram í gegnum vefgátt bæjarins, *Rafrænt Seltjarnarness*, á slóðinni www.seltjarnarness.is

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200. Fyrirsurnir er einnig hægt að senda á neffangið grunnskoli@grunnskoli.is



Skólaskrifstofa Seltjarnarnessbæjar

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Heitavatnsnotkunin aldrei meiri

Metár varð í notkun hitaveitunnar á liðnu ári. Eins og margir bæjarbúar hafa orðið varir við eru hitaveitireikningar, sem hafa verið að skila sér inn um lúgurnar, nokkuð hærri en undanfarin ár. Ástæðan liggur í því að á hverju ári er gerð áætlun um notkun sem byggir á notkun ársins á undan. Þannig var gert ráð fyrir að notkunin árið 2013 yrði álíka mikil og árið 2012.

Eins og landsmenn allir hafa fengið að finna fyrir var síðasta ár að meðaltali nokkuð kaldara en undanangin ár og því er eðlilegt að notkun hitaveituvatns til kyndingar sé meiri. Ef lítið er á vef Orkuveitu Reykjavíkur kemur hið sama fram en þar segir m.a. að árið 2013 sé margfalt metár í hitaveiterekstri. Heitavatnsnotkun á ári hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári og að aldrei hafi mánaðarnotkun verið meiri en í desember. Þar kemur einnig fram að nærtækustu skýringuna á metárinu sé að finna í veðurfars-



Hitaveituhúsið út við Snoppu.

yfirliti Veðurstofu Íslands. Sumarið hafi verið óhagstætt á landinu sunnan- og vestanverðu, auk þess sem kuldaköst í apríl og desember, ásamt þrálátri úrkomu í sumar og umhleypingum í nóvember hafi einnig komið til. Þess ber að geta að um 90% af heita vatni Seltirninga eru nýttir til húshitunar og eru því tengslin á milli lofthita og heitavatnsnotkunar mikil.



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frimann Andrésson
útfararþjónusta

Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elfsson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

EHÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

16 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

Fjölbreytt sýningarhald í Eiðisskeri

Fjölbreytt sýningarhald verður í Eiðisskeri í vetur. Árið hófst með sýningu Fabienne Davids-son og Ingunnar Sigurgeirsdóttur sem þær kalla Draumkennd rými. Fabienne og Ingunn hafa báðar stundað nám við Myndlistaskóla Kópavogs í frjálstri málun þar sem byggt er á einstaklingsmiðaðri kennslu og áhersla er lögð á gagnrýna nálgun lita og forma, málunaraðferða og pensilskriftar.

Fabienne og Ingunn hafa áður tek-

ið þátt í nokkrum samsýningum á vegum Félags frístundamálará og samsýningu nemenda Myndlistaskólans í Kópavogi sem haldin var í Gerðasafni í tilefni 25 ára afmælis skólans. Sýningin í Eiðisskeri stendur saman af óhlutbundnum unnum á síðast ári. Þótt þær hafi numið við sama skóla og fáið báðar við óhlutbundið málverk fara þær nokkuð ólíkar leiðir í myndverkum sínum. Á meðan Ingunn heldur sig við jörðina, notar þunga en öfluga

jarðarliti í myndsköpun sinni fer Fabianne á dálítið flug leikur sér með myndrímið. Ef til vill á uppruni þeirra sinn þátt í myndsköpuninni. Á meðan Ingunn sér norrænar heimaslóðirnar fyrir sér bregður Fabianne á suðræni leik. Sveiflar sér í kringum andstæðurnar og minnir myndmálið áhorfandann á mið- og suðurevrópskan uppruna hennar. Áhugavert að sjá hvernig þær nálgast viðfangsefni sín og sækja í mismunandi menningu og reynsluheim. Einnig er ánægjulegt að sjá hvernig Myndlistaskóli Kópavogs sendir nú frá sér áhugaverða myndlistarmenn sem eiga framtíðina fyrir sér.

Á Hönnunarmars sem hefst þann 27. febrúar verður opnuð sýning á ljósmyndum Friðriks Arnar Hjaltested og fr, a 6. Mars sýnir Elín G. Jóhannsdóttir verk unnin í ólíka miðla. Á hönnunarmars sem hefst 27. Mars mun Elsa Nilesn hönnuður og málari sýna verk sín í bland við verk annarra. Stærsta sýning vetrarins eða öllu heldur vorsins tengist 40 ára afmæli Seltjarnarnesbæjar en á sýna listakonurnar Guðrún Einarsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir. Sýningarönninni lýkur síðan með sýningu Huldu Hlín Magnúsdóttur 22. maí.



Fabienne Davidsson til vinstri og Ingunn Sigurgeirsdóttir til hægri. Á milli þeirra er Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður.



Margt var um manninn á myndlistarsýningunni á Eiðisskeri í byrjun ársins.

Hefur þú áhuga á að bæta samfélagið á Seltjarnarnesi?

Samfylkingin

Samfylkingin á Seltjarnarnesi auglýsir eftir **kraftmiklum** Seltirningum á öllum aldri sem hafa áhuga á að taka **virkan þátt** í að **bæta samfélagið** okkar hér á Nesinu.

Ef þú hefur áhuga á að taka **sæti á lista** Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarkosningunum í vor þá hvetjum við þig til að **hafa samband** við **uppstillingarnefnd** Samfylkingarinnar og senda póst á netfangið uppstillingxseltjarnarnes@gmail.com.

Jafnframt óskar nefndin eftir ábendingum þínum um **gott fólk** á lista jafnaðarmanna.

Opið er fyrir ábendingar og tillögur til **10. febrúar**. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar má nálgast á vef Samfylkingarinnar: xseltjarnarnes.is

Allir flottir!

XSeltjarnarnes

Félags- og tómsundastarf eldri bæjarbúa Seltjarnarnesi

Félagssvið óskar öllum eldri bæjarbúum sem og öðrum Seltirningum gleðilegs árs og þakkar gott samstarf og samvinnu á liðnu ári. Ýmislegt var gert á árinu bæði til gagns og gamans.

Hefðbundin dagskrá hefur verið í nokkuð föstum skorðum hvað daglega dagskrá varðar og þátttakan verið með ágætum hvort heldur með þátttöku í námskeiðum eða öðru tómsundastarfi. Félags- og tómsundastarfið var nokkuð fjölbreytt og viðburðaríkt á árinu og þeir sem tóku þátt ánægðir.

Í skjóli reynslunnar sem komin er og þeirrar þátttöku og eftirspurnar sem upp kemur hverju sinni þá þykir ekki ástæða til að breyta mjög hinni föstu dagskrá, en þó eru alltaf einhverjar breytingar og viðbætur og einnig einhverjir hlutir sem ekki er hægt að sinna. En nú í vetur bjóðum við aftur upp á bókband eftir nokkurra ára hlé og fjölgum ýmskonar samverustundum, og eins og sjá má á dagskrárblaðinu sem í gildi er frá janúar – júní 2014 sem vonandi allir eru búnir að fá sent heim þá er starfið fjölbreytt, þannig að allir sem áhuga hafa ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Lestrarsamvera. Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur býður eldri

bæjarbúum upp á samverustund í lestri alla mánudaga kl. 13.30 í salnum Skólabraut. Sólveig ætlar að taka fyrir skáldsögu Böðvars Guðmundssonar, Híbýli vindanna. Hún les fyrir viðstadda og eftir hvern lestur verða umræður. Allir hjartanlega velkomnir.

Bókband. Nú í janúar, nánar þann 21. hefst námskeið í bókbandi undir leiðsögn Stefáns Eiríkssonar og verður á þriðjudögum og fimmtudögum (aðra hverja viku) kl. 9.00 – 12.00. Þeir sem þegar hafa látið skrá sig ganga fyrir.

„Óvissuferð“. Þann 30. janúar á fimmtudegi ætlum við í fyrstu óvissuferðina á árinu og heim-sækjum Höfða þar sem við fáum að heyra um ýmsa merka atburði og sögu hússins. Eftir það færum við okkur yfir í Íslensku kaffistofuna í tinninum á Höfðatorgi og fáum hressingu. Skráning er í síma 8939800.

Síðasti skráningardagur er mánud. 27. janúar. Boðið er upp á námskeið í glerlist, glerbræðslu og leir. Nokkur pláss eru laus á þessi námskeið.

Allir eldri bæjarbúar eru velkomnir til þátttöku í því sem í boði er og ef einhverja upplýsinga er þörf þá er einfaldast að hringja í forstöðumann félagsstarfsins í síma 8939800.

UMHVERFISHORNID

Ljósmengun

Starfshópur um myrkurgæði á Íslandi hefur skilað umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerð sinni þar sem settar eru fram þrettán tillögur um að varðveita myrkurgæði og sporna við ljósmengun á Íslandi, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Greinargerðin skiptist í 20 kafla og er í þeim fjallað um ýmsa þætti myrkurgæða og ljósmengunar heima og erlendis. Meðal annars er fjallað um þróun myrkurgæða á Íslandi síðustu áratugi, um mælingu myrkurgæða og sagt frá slíkri mælingu á höfuðborgarsvæðinu, fjallað um myrkurgæði af sjónarhóli stjörnuá-hugamanna, sveitarstjórna og ferðaþjónustu, kannaðar heimildir um áhrif ljósmengunar á heilsu manna og atferli dýra, sagt frá ljósvist í skipulagi, fjallað um myrkurgarða og önnur myrkursvæði og leiðbeint um flóðlýsingu með myndum af höfuðborgarsvæðinu.

Þann 23. október sl. var haldið málþing um myrkurgæði í Þjóðminjasafni Íslands.

Sverrir Guðmundsson, stjórnarmaður í Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness og Snævarr Guðmundsson fjölluðu um áhrif ljósmengunar á hversu margar stjörnur sjást á himninum. Snævarr Guðmundsson hefur mælt ljósmagn á ýmsum stöðum á Íslandi, en í mælingum frá honum kemur fram að himinninn yfir Reykjavík er 18 sinnum bjartari en árið 1911. Fram kom að bjartast er yfir Kópavogi en dregur síðan úr áhrifum eftir því sem byggð dreifist.

Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness var stofnað 1976 í kringum stærsta stjörnusjónauka landsins í Valhúsaskóla. Uppi á þaki skólans er hvolfpak sem hýsir aðalsjónauka félagsins. Hann er af gerðinni JMI NGT-18 og er spegill hans 46 cm í þvermál. Þetta er stærsti stjörnusjónauki landsins og hafa félagsmenn aðgang að honum.

Nú stendur til að undirbúa flutning á þessum stærsta stjörnusjónauka Íslands sökum ljósmengunar af flóðlýstum íþróttavelli. Hefur Þingvallanefnd tekið afar jákvætt hugmyndum Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness um að koma sjónauka félagsins fyrir við aðstöðu þjóðgarðsins á Hakinu ofan Almannaágar. Áhugi er fyrir því í Þingvallanefnd og meðal starfsfólks þjóðgarðsins að kanna hvort unnt er að hljóta alþjóðlega viðurkenningu fyrir þjóðgarðinn sem myrkur- og stjörnustað.

Myrkurgæði eru farin að skipta verulegu máli í ferðaþjónustu og eru norðurljósin orðin fastur liður í ferðatilboðum að vetri. Giskað er á að að alls hafi 40 – 50 þúsund ferðamenn farið í sérstakar norðurljósaferðir í vetur sem leið. Norðurljóspá má sjá á vef Veðurstofunnar.

Heimildir: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, greinargerð um myrkurgæði, Reykjavíkurblað, 26. október 2013, Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður

PERÚ september 2014

16 daga göngu- og ævintýraferð til Perú í september 2014 með fjallaleiðsögumanninum Helga Ben. Aðeins 16 manns í hóp.

ÖRFÁ SÆTI LAUS. Bóka þarf inn í Inka þjóðgarðinn fyrir janúarlok. Ferð sem lætur engan ósnortinn. Aðeins 16 manns í hóp. Nánari upplýsingar og ferðalýsing hjá Gestamóttökunni www.gestamottakan.is og s. 551 1730 og hjá Helga Ben. s. 664 1513.



Machupicchu, hin helga borg Inkanna.

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Kaldar kveðjur til kylfinga

Í desemberblaði Nesfrétta birtist grein um landnýtingu á Vestursvæðunum á Seltjarnarnesi sem var nokkuð á skjön við friðarboðskap jólahátíðarinnar. Margir lesendur blaðsins urðu hvumsa og sumir skiptu jafnvel skapi yfir þeirri alröngu mynd af golfi og starfsemi Nesklúbbsins sem dregin var upp af höfundum greinarinnar. Margir höfðu samband við undirritaðan og þótti einsýnt að slíkum málflutningi yrði að svara kröftuglega af hálfu klúbbsins.

Auðvitað er rétt að svara rangfærslum. Margt það sem greinarhöfundur fjallar um er þó svo fjarstæðukennt að það svarar sér sjálft. Að vinnu á golfvöllum fylgi aukin dánartíðni af krabbameini og heilaæxlum vegna notkunar áburðar og eiturefna samkvæmt bandarískum rannsóknum, er til að mynda óskiljanleg fullyrðing í umræðu um golfklúbb sem er að fá alþjóðlega umhverfisvottun þessa dagana. Að telja bílaumferð sem tilheyrir Nesvellinum vera mengandi, truflandi og heilsuspillandi er líka illskiljanleg gagnrýni. Akstur út Nesið tekur í mesta lagi 5 mínútur en síðan standa bílarnir óhreyfðir í 3-5 klukkutíma að meðaltali. Að gefa það í skin að starfsemi golfklúbbsins fylgi ónæði frá veitingastarfsemi og tyggjóklessur, sælgætisbréf, bjórdósir og sigarrettustubbar liggjandi á víðavangi er ekkert annað en móðgun við hundruð félaga sem árlega gefa vinnu sína við snyrtingu og viðhald vallarins og umhverfis hans. Auk þess er það alsíða hjá kylfingum að hafa snyrtimennsku og góða umgengni að leiðarljósi við golfleikinn enda er tilgangurinn að njóta félagsskapar og hollrar úti-veru í dásamlegu umhverfi. Í lögum klúbbsins er jafnvel tekið fram að gengið skuli hægt um gleðinnar

dyr á golfvallarsvæðinu.

Greinarhöfundur telur að merkingar við golfvöllinn séu smekklaugar, rangt staðsettar, beint að röngum aðilum og með þeim sé friður rofinn. Hann telur ennfremur líklegt að öðrum sé úthýst af svæðinu vegna hagsmuna golfklúbbsins og segir golfvöllinn lokaðan í átta mánuði á ári.

Greinarhöfundur er auðvitað frjálst að hafa skoðanir á málum, rétt eins og öllum öðrum. Ég skil grein hans svo að hann vilji

halda Vestursvæðunum sem næst óbreyttum frá því sem nú er. En að rökstyðja þá skoðun með röngum og jafnvel meiðandi fullyrðingum um Nesklúbbinn og félag hans er of langt seilst.

Skoðanir flestra, ef ekki allra félaga Nesklúbbsins á framtíðarnýtingu landsins frá Suðurnesi að Gróttu má draga saman í örfá orð. Við viljum að í skipulagsvinnunni sé tekið tillit til þess mikla og aukna áhuga sem er á golfi til útivistar og hreyfingar. Við viljum að

skoðaðir verði allir möguleikar til þess að samnýta svæðið sem best fyrir alls konar útivist - þar á meðal golf - í sátt og samlyndi.

Kylfingar vilja hvorki úthýsa öðrum né rjúfa frið.

Ólafur Ingi Ólafsson
formaður Nesklúbbsins



Ólafur Ingi Ólafsson.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið sem opna þér nýjar leiðir



Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfðileika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundni nám. **Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

Um er að ræða eftirfarandi námskeið:

Stærðfræði fyrir byrjendur	Beitt er nýjum aðferðum til að skapa áhuga og jákvætt viðhorf til stærðfræði.	Sjálfstyrking	Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum framkomu og almennt vera til!
Fjármál á mannamáli	Fjármál einstaklinga á mannamáli! Eykur skilning á fjármálum, bæði eigin og almennt.	TÁT - Tök á tilverunni	Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.
Minnistækni	Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.	Tölvugrunnur	Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð.
ÚFF - Úr frestun í framkvæmd	Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.	Í Fókus - Að ná fram því besta með ADHD	Eykur skilning á ADHD (athyglisbrestri / ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD.



Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510-9380 eða á hringsja.is

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Pétur Steinn Íþróttamaður æskunnar

Pétur Steinn Þorsteinsson er íþróttamaður æskunnar árið 2013 hjá Íþróttafélaginu Gróttu. Hann var valinn úr hópi níu ungmenna, sem höfðu verið tilnefnd af deildum félagsins. Pétur Steinn er fæddur árið 1997 og hefur hann æft knattspyrnu með Gróttu frá unga aldri. Pétur Steinn var á eldra ári í 3. flokki á árinu og skoraði 10 mörk í 8 fyrstu leikjum sumarsins. Í júlí var hann tekinn upp í meistaraflokk þar sem hann steig sín fyrstu skref og spilaði níu leiki með liðinu.

Pétur var fastamaður í U-17 ára landsliði Íslands og fór með liðinu á æfingamót í Wales í apríl. Í ágúst var svo komið að Norðurlandamótinu sem fram fór í Noregi en þar stimplaði Gróttumaðurinn ungi sig endanlega inn í liðið, lék nánast hverja einustu mínútu og átti sinn þátt í því að Ísland ynni til bronsverðlauna á mótinu. Pétur Steinn komst ekki með landsliðinu til Rússlands í undankeppni EM í haust vegna meiðsla en hann er staðráðinn í að láta það ekki á sig fá og stimpla sig inn í liðið aftur á nýju ári. Pétur getur leikið allar stöður framarlega á vellinum en í landsliðinu hefur hann spilað sem hægri



Pétur Steinn Þorsteinsson.

bakvörður með góðum árangri. Pétur Steinn er gríðarlega leikinn með boltann, afar snöggur og er nánast jafnvígur með hægri og vinstri. Öllum er ljóst að Pétur er einstaklega hæfileikaríkur knattspyrnumaður en á þessu ári sýndi hann meiri aga, dugnað og vilja en áður og skilaði það honum þeim árangri sem hann náði. Röð þriggja efstu í kjörinu var þessi: Pétur Steinn Þorsteinsson, Lovísa Thompson og Þorgeir Bjarki Davíðsson.

Fanney Íþróttamaður Gróttu

Fanney Hauksdóttir er íþróttamaður Gróttu árið 2013 en kjör íþróttamannsins var kynnt nýlega. Allar deildir félagsins tilnefndu karl og konu til kjörsins og var kosið á milli sjö einstaklinga.

Fanney sigraði á Íslandsmótinu í bekkpressu í janúar sl. í 63 kg flokki og setti Íslandsmet í flokknum (100 kg). Hún keppti á Norðurlandamóti unglunga í febrúar sl. og sigraði í 57 kg flokki með samtals 310 kg. Hún setti Íslandsmet í bekkpressu með 107,5 kg og átti tilraun við nýtt Íslandsmet, 112,5 kg. Hún sigraði í 63 kg flokki á Íslandsmótinu í kraftlyftingum í mars sl. og setti hún Íslandsmet í bekkpressu (115 kg) og unglungamet í samanlögðu (340 kg).

Fanney keppti á heimsmeistarasmóti unglunga sem fram fór í Litháen í vor. Hún hlaut bronsverðlaun í sínum flokki með 115 kg lyftu en sú lyfta tryggði henni jafnframt bronsverðlaun í heildarkeppninni. Fanney er nú í 16. sæti á afrekslista IPF í bekkpressu í opnum flokki - 57 kg, þótt hún sé enn unglungur. Fanney iðkar íþróttina af miklum krafti og æfir reglulega undir stjórn



Fanney Hauksdóttir.

Ingimundar Björgvinssonar þjálfara auk þess að sinna sjálf þjálfun yngri iðkenda í fimleikadeild félagsins. Fanney er mjög reglusöm og góð fyrirmynd fyrir fólk á öllum aldri. Röð þriggja efstu manna í kjörinu var annars þessi: Fanney Hauksdóttir, Dominiqua Alma Benányi og Aron Lee Du Teitsson.



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Brons- og silfurmerki Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu heiðrar nokkra einstaklinga fyrir störf þeirra í þágu félagsins. Félagið treystir líkt og önnur félög mjög á sjálfbóðaliðsstarf félagsmanna. Á hverju ári leggja þeir til þúsundi klukkustunda í sjálfbóðastarfi í þágu félagsins.

Á hverju ári eru veittar viðurkenningar fyrir þessi störf auk langrar hollustu við félagið í keppni og vinnu. Þann 7. janúar fengu eftirtaldir aðilar veitt bronss- og silfurmerki félagsins fyrir þeirra framlag til félagsins.

Bronsmerki fengu:

Arnar Komrákur Friðriksson

Silfurmerki fengu:

Davíð Scheving
Garðar Guðnason
Guðjón Norðfjörð
Hafðís Guðmundsdóttir
Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir
Pétur Már Halldórsson

Árni Pétursson
Gaberíella Belany
Harpa Hlíf Bárðardóttir
Hilmar Sigurðsson
Jón Sigurðsson
Kristín Finnbogadóttir
María Björg Magnúsdóttir
Sesselja Jarvela
Sigurður Már Hilmarsson



Æfa með unglíngalandsliðinu

U-16 ára landslið Íslands í knattspyrnu tekur í sumar þátt á Ólympíuleikum æskunnar sem haldnir verða í Nanjing í Kína. Undirbúningur fyrir mót- ið er þegar hafinn en á dögum æfðu fjórir efnilegir Gróttumenn með liðinu, þeir Hannes Grimm, Jóhann Hrafn Jóhannsson, Kristófer Scheving og Sindri Már Friðriksson.

Æft var í knattspyrnuhöllinni Kórnum undir stjórn Freys Sverris-

sonar landsliðsþjálfara. Strákunum gekk að eigin sögn vel á æfingun- um svo vonandi fá þeir fleiri tæki- færi til að sýna sig og sanna meðal þeirra bestu. Fjórmenningarnir eru á yngri ári í 3. flokki en liðsfélagi þeirra, Kristófer Orri Pétursson, er árinu eldri og hefur í vetur æft með U-17 ára landsliðinu. Kristófer hef- ur tekið miklum framförum síðustu mánuði og stimplað sig inn í 2. flokk Gróttu og landsliðshópinn með góðri frammistöðu.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður. Kristín er fædd og uppaldin á Akureyri. Eftir nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands hélt hún til Ítalíu þar sem hún útskrifaðist frá Listaakakemiunni í Flórens 1995. Kristín opnaði myndlistarsýninguna Sköpunarverk í Listasafni Íslands fyrir skömmu. Hún segir umfjöllunar- efnið vera sköpunarkraftinn sem býr í mannlegri náttúru og innri heim konunnar.



Fullt nafn? Kristín Gunnlaugsdóttir.

Fæðingard. og ár? 15. apríl 1963.

Starf? Myndlistarmaður.

Farartæki? Fótleggir og bíll.

Helstu kostir? Velmeiandi.

Eftirlætis matur? Vatn, allt hollt þegar ég er svöng.

Eftirlætis tónlist? Rétt tónlist á réttu augnabliki.

Eftirlætis íþróttamaður? ...Ólafur Stefánsson, hann opnar inná nýja vidd í upplifun íþróttu. Gott hjá honum.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Horfi aldrei á sjónvarpið. Missi eflaust að mörgu góðu efni þar.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Margar. Ég hef sérstakt dálæti á strang- heidarlegum ævisögum en þær eru alltof fáar. Svar við bréfi Helgu eftir Bersvein Birgison, Fátækt Fólki eftir Tryggva Emils- son, Konan við 1000 gráður eftir Hallgrím Helga, allar mjög góðar.

Uppáhalds leikari?

Meryl Streep hefur farið með mig á hengiflugið.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Á sl. ári voru það Hross í oss, og ítalska myndin La Grande Bellezza.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Ákvað ung að gera frístundir að aðal- vinnu, myndlist og allt sem tengist sköp- un. Ætli ég reyni ekki helst að muna eftir að anda dýpra í svokölluðum frístundum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Fæðingaræld Landspítalans.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Velvild, umburðarlyndi, humor.

Hvern vildir þú helst hitta?

Jesú.

Uppáhalds vefsíða?

Má ég ekki bara setja mína hér? kristing.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælis- gjöf?

Mér finnst allt koma til greina.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Nýja vinnustofu, yrði hún þá bara tjald- vagn?

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Fara með alla í gleðigöngu um nesið. Fá tillögu frá hverum og einasta sem hér býr, um hvað sé best við að búa á nesinu og hvað mætti betur fara.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Njóta lífsins, að vera ég sjálf, hvetja börn- in mín, gefa af mér til náungans.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Vonaði að það hætti að rigna. Það gerðist ekki svo ég andaði að mér hitabylgju við Austurrískt stöðuvatn og töfrum Berlínar. Jú ég skrápp líka á fótboltamót.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.


Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk



Hringbraut 119

Sími: 55 44444



göðgæti frá Jóa Fel

Bakarí Jóa Fel við Hringbraut

Í nýju og glæsilegu bakaríi Jóa Fel við Hringbraut (JL-húsinu) er boðið upp á einstakt úrval af steinbökkuðum gæðabrauðum, samlokum og heitum réttum, ásamt girnilegum kökum og kruðeríi.

Bakaríið er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18 og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



B A K A R Í

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut